



Ráðhús Reykjavíkur  
Borgarráð

***Efni: Nafnabreyting á félagsmiðstöðinni Tíunni***

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 14. desember 2021 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 18. nóvember 2021:

Lagt er til að frá og með 1. janúar 2022 fái félagsmiðstöðin sem nú ber heitið Tían, nafnið Ársel.

Greinargerð fylgdi.


Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.  
Tillöggunni er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllst

A handwritten signature in black ink, appearing to read "Helgi Grímsson".

Helgi Grímsson  
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:  
Tillaga, dags. 18. nóvember 2021



Reykjavík, 18. nóvember 2021  
SFS2021120023  
221. fundur

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

**Efni: Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um að félagsmiðstöðin Tían fái nafnið Ársel**

Lagt er til að frá og með 1. janúar 2022 fái félagsmiðstöðin sem nú ber heitið Tían, nafnið Ársel.

**Greinargerð:**

Þann 1. janúar 2022 verða frístundamiðstöðvarnar Ársel og Gufunesbær formlega sameinaðar. Stjórnendateymi sameinaðrar frístundamiðstöðvar fyrir þjónustuhverfið Árbæ, Grafarvog, Grafarholt og Kjalarnes hefur þegar tekið til starfa og hefur óskað eftir því að nafnið Ársel verði notað að nýju fyrir félagsmiðstöðina í Árbæjarhverfi. Í húsnæðinu, Rofabæ 30, verði því bæði félagsmiðstöðin Ársel og frístundaheimilið Töfrasel. Félagsmiðstöðin á 40 ára afmæli í ár og stjórnendateymi sameinaðrar frístundamiðstöðvar hefur áhuga á að tilkynna um nafnabreytinguna þegar haldið verður upp á afmælið í janúar 2022.

Félagsmiðstöðin Ársel var stofnuð árið 1981 og er fyrsta byggingin á Íslandi sem er hönnuð sem félagsmiðstöð frá upphafi. Árið 2008 vantaði nafn á frístundamiðstöð hverfisins, sem staðsett var í Rofabæ 30. Þá var ákveðið að frístundamiðstöðin fengi nafnið Ársel en félagsmiðstöðin fyrir 10-16 ára börn og unglings í Árbæjarskóla, Ártúnsskóla og Selásskóla fengi nafnið Tían. Þessi heiti hafa staðið fram að þessu en með sameiningu frístundamiðstöðvanna Ársels og Gufunesbæjar gefst tækifæri að færa félagsmiðstöðinni aftur nafnið Ársel og þannig viðhalda upphaflega nafninu á félagsmiðstöðinni sem tengst hefur byggingunni og starfseminni þar í gegnum árin. Ef samþykki fæst fyrir þessari breytingu er ætlunin að tilkynna nafnið á afmælishátið fyrir hverfisbúa sem stefnt er á að halda í janúar 2022.